

Hlutverk VIRK

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði

- VIRK veitir markvissa og árangursríka þjónustu á sviði starfsendurhæfingar
- VIRK nýtir þekkingu, rannsóknir og reynslu til að tryggja samþætta, árangursríka og örugga þjónustu
- VIRK veitir þjónustu í samstarfi við stéttarfélög, fagaðila, fyrirtæki og stofnanir um allt land
- VIRK vinnur með atvinnulífinu að því að skapa fjölbreytt tækifæri fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu
- VIRK stuðlar að auknum rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar
- VIRK sinnir forvörnum, þróunarverkefnum og fræðslu með það að markmiði að koma í veg fyrir brottfall einstaklinga af vinnumarkaði.

Framtíðarsýn VIRK 2025

1. VIRK skilar samfélagslegum ávinningi með árangursríkri og markvissri starfsendurhæfingu sem mætir þörfum einstaklinga og atvinnulífs
2. Skilvirkt og öflugt samstarf er við fagaðila, stofnanir og fyrirtæki um allt land
3. Almenn vitneskja er um ávinning af starfi VIRK og rétt einstaklinga til þjónustu hjá VIRK
4. Atvinnutenging VIRK hefur stuðlað að auknum tækifærum á vinnumarkaði fyrir einstaklinga með heilsubrest
5. Forvarnarverkefni VIRK hafa stuðlað að viðhorfsbreytingum og aukinni þátttöku á vinnumarkaði
6. VIRK er fyrirmyndar vinnustaður þar sem lögð er áhersla á vellíðan og árangur starfsmanna.

Hlutverk og framtíðarsýn VIRK snýr meðal annars að því að stuðla að framgangi eftirfarandi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

Heimsmarkmið 1: Engin fátækt

- Rannsóknir hafa sýnt að einstaklingar sem ekki geta tekið þátt á vinnumarkaði búa frekar við fátækt og verri lífsgjör en aðrir. Með því að efla vinnugetu og þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og í samfélaginu vinnur VIRK að því að draga úr fátækt í samfélaginu.

Heimsmarkmið 3: Heilsa og vellíðan

- Starfsendurhæfing hjá VIRK stuðlar að bættri heilsu og vellíðan einstaklinga í þjónustu. Forvarnarverkefni VIRK hafa það að markmiði að bæta heilsu og lífsgæði einstaklinga og koma í veg fyrir að einstaklingar hverfi af vinnumarkaði vegna heilsubrestra.

Heimsmarkmið 4: Menntun fyrir alla

- Hluti af starfsendurhæfingarþjónustu VIRK er að hvetja einstaklinga til aukinnar menntunar og þróunar. VIRK styður auk þess einstaklinga í styttra starfstengt nám ef slíkt getur orðið til að efla vinnugetu viðkomandi.

Heimsmarkmið 5: Jafnrétti kynjanna

- VIRK leggur áherslu á jafnrétti í öllu starfi. VIRK er með jafnlaunavottun.

Heimsmarkmið 8: Góð atvinna og hagvöxtur

- Aukin þátttaka einstaklinga með skerta starfsgetu á vinnumarkaði stuðlar að auknum hagvexti og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.

Heimsmarkmið 9: Nýsköpun og uppbygging

- VIRK stuðlar að nýsköpun með því að efla einstaklinga til aukinnar þátttöku í atvinnulífinu. VIRK stuðlar einnig að nýsköpun og þróun með því að veita styrki til þróunarverkefna og rannsókna á sviði starfsendurhæfingar.

Heimsmarkmið 10: Aukinn jöfnuður

- Aukin þátttaka einstaklinga með skerta starfsgetu í atvinnulífinu og í samfélaginu stuðlar að auknum jöfnuði.